

Gilda frá 06.08.2024

Hægt er að sækja skilmálana [hér](#).

1. Almennar upplýsingar

1.1. Þessir þjónustuskilmálar fela í sér samning („**samningur**“) milli þín („**þú**“, „**notandi**“ eða „**ökumaður**“) og Bolt Services IS ehf., kennitala 420724-1600, eða hlutdeildarféлага okkar („**Bolt**“, „**við**“, „**okkur**“ eða „**okkar**“), um notkun þína á (i) öllum rafknúnum ökutækjum sem stjórnað er af fólki og gerð eru aðgengileg í appinu, svo sem rafhlaupahjólum og rafhjólum (saman nefnd, „**rafknúin ökutæki**“); (ii) farsímaappi okkar fyrir aðgang að og notkun á rafknúnum ökutækjum („**app**“); og (iii) annarri tengdri þjónustu, svo sem hleðslu, viðhaldi, afhendingu og svipaðri þjónustu („**tengd þjónusta**“) sem við bjóðum upp á (rafknúin ökutæki, app og tengd þjónusta eru saman nefnd „**þjónusta**“).

1.2. Ef þú þarft að hafa samband við okkur:

1.2.1 Heimilisfang okkar er: Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Íslandi

1.2.2 Á netinu: Þú getur haft samband við þjónustuver okkar í gegnum spjalleiginleikann í appinu.

1.3. Eftirfarandi skjöl eru bindandi og felld inn í þennan samning með tilvísun:

1.3.1. Reglur um notkun rafknúinna ökutækja eins og segir í viðauka A við þennan samning („**akstursreglur**“);

1.3.2. Öryggisleiðbeiningar fyrir notkun rafknúinna ökutækja sem birt eru í appinu og, eftir því sem við á, í öryggisverkfæri appsins („**öryggisverkfæri**“);

1.3.3. Viðeigandi gjaldskrá eins og hún birtist í appinu („**gjaldskrá**“), aðrar verðupplýsingar, reglur sem birtast í appinu í tengslum við grunnpassann og fyrirframgreidda passann (skilgreindir í 4.1), viðeigandi skilmálar fyrir kynningarkóða og hvers kyns leiðbeiningar, handbækur (þ.m.t., ef við á, notendahandbók rafknúna ökutækisins) og aðrar leiðbeiningar sem birtar eru í appinu; og

1.3.4. Aðrir viðskipta- og vöruskilmálar sem vísað er til í þessum samningi, þ.m.t. þjónustulýsingar, stefnur og tilkynningar, þ á m. persónuverndarstefna okkar fyrir farþega („**persónuverndarstefna**“) sem er aðgengileg í appinu eða á: <https://bolt.eu/legal/> og skal gilda eftir því sem við á (að breyttu breytanda) um vinnslu persónuupplýsinga þinna í tengslum við notkun þjónustunnar;

1.3.5. Viðbótarskilmálar fyrir land eða borg („**þjónustusvæði**“) sem gilda á því svæði sem ekið er á.

1.4. Komi til breytinga á þjónustu okkar áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á þessum samningi hvenær sem er með því að birta breytta samninginn eða viðbótarskilmála hans á vefsvæði okkar eða í appinu og tilkynna þér um þær breytingar í gegnum netfangið sem þú gafst upp við skráninguna. Áframhaldandi notkun þín á þjónustunni eftir slíka birtingu felur í sér að þú samþykkir samninginn með áorðnum breytingum.

2. Fyrirhuguð notkun appsins

2.1. Þjónustan er notuð í gegnum appið. Appið er í boði á mörgum tungumálum sem hægt er að skipta um á prófílnum þínum. Appið gerir því fólki sem þarf að komast á milli staða kleift að finna rafknúin ökutæki með því að deila gögnum um landfræðilega staðsetningu þess. Til að geta veitt þér þjónustu okkar kunnum við greina staðsetningu tækisins þíns í gegnum appið. Takmarkanir kunna að vera á þjónustunni út frá staðsetningu tækisins. Þessar takmarkanir eru birtar í viðmóti appsins. Við veitum ekki þjónustu í öllum lögsagnarumdæmum. Framboð þjónustu okkar kann að taka breytingum og því er listi yfir lögsagnarumdæmi aldrei endanlegur.

2.2. Notkun þjónustunnar krefst uppsetningar á appinu og skráningar notandareiknings

(„**reikningur**“). Þegar appið er sett upp verður farsímanúmerið þitt tengt við reikninginn þinn og bætt við gagnagrunninn okkar.

2.3. Við kunnum að uppfæra appið öðru hvoru til að veita þér þá bestu þjónustu sem völ er á. Þjónustan sem er í boði í appinu er aðeins aðgengileg með internettengingu. Engar sérstakar tæknilegar kröfur eru gerðar til internettengingarinnar en hraði tengingarinnar getur aftur á móti haft áhrif á gæði þjónustunnar. Appið er í boði í Android- og Apple-tækjum í samræmi við nýjustu hugbúnaðaruppfærslur.

2.4. Ef bilanir koma upp í appinu reynum við að lagfæra þær svo fljótt sem auðið er, en þú samþykkir engu að síður að virkni appsins kunni að vera takmörkuð vegna tæknilegra vandamála og að við getum ekki ábyrgst viðvarandi hnökralausa virkni appsins öllum stundum. Við tökum enga ábyrgð á tjóni sem kann að koma til vegna þess að appið virkar ekki eða að ekki sé hægt að nota það á tilætlaðan hátt.

2.5. Með fyrirvara um að þú fylgir samningnum veitum við þér takmarkað, almennt, óframleigjanlegt, afturkallanlegt og óframseljanlegt leyfi fyrir aðgangi að appinu og notkun í þínu eigin tæki eingöngu í tengslum við notkun þína á þjónustunni.

2.6. Við munum veita þjónustu sem er hönnuð, afhent og uppfyllir iðnaðarstaðla og bestu starfsvenjur, svo sem ISO 27001/27002, þegar það er mögulegt og stangast ekki á við aðrar samþykktar kröfur. Ef unnið er úr kreditkortaupplýsingum skal einnig fylgja gagnaöryggisstaðli greiðslukortaiðnaðarins.

3. Hæfi notanda og reikningar

3.1. Þú átt rétt á að nota þjónustuna ef:

3.1.1. Þú ert með reikning;

3.1.2. Reikningurinn þinn er tengdur við gilt kredit- eða debetkort eða annan greiðslumáta sem studdur er í appinu („**valinn greiðslumáti**“);

3.1.3. Þú hefur náð 18 ára aldri og hefur lagalega heimild til að aka rafknúnum ökutækjum í samræmi við landslög um lágmarksaldur fyrir notkun rafknúinna ökutækja á þínu þjónustusvæði;

3.1.4. Þú ert með gilt öskuskírteini á þjónustusvæðinu þar sem þú notar þjónustuna ef slíkt leyfi er skyldubundið fyrir notkun rafknúna ökutækisins;

3.1.5. Þú hefur líkamlega getu og býrð yfir nauðsynlegri færni og þekkingu til að nota, aka og stjórna rafknúnum ökutækjum á öruggan hátt.

3.2. Þegar þú stofnar og notar reikninginn þinn:

3.2.1 Samþykkir þú að nota aðeins raunverulegt nafn þitt og réttar persónu- og kortaupplýsingar til að setja upp reikninginn og að uppfæra slíkar upplýsingar alltaf þegar við á;

3.2.2 Samþykkir þú að þú kunnir að verða beðin(n) um að færa sönnur á hver þú ert með mynd af öskuskírteininu þínu eða með opinberum skilríkjum til að fá eða viðhalda aðgangi að þjónustunni;

3.2.3 Berð þú ábyrgð á aðgangi, stjórn og öryggireikningsins þíns sem og á: (i) notandanafni og aðgangsorði reikningsins; og (ii) öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru á reikningnum þínum, þar á meðal, en ekki takmarkað við, að virkja (opna), nota, slökkva (skila ökutæki) og leggja rafknúna ökutækinu á réttan hátt, samkvæmt þessum samningi og, eftir því sem við á, á leyfilegu stæði, eða að gera það ekki, nema þú hafir tilkynnt um misnotkun á reikningnum þínum samkvæmt hluta

3.2.4. Við kunnum að gera ráð fyrir að þeir einstaklingar sem nota notandanafnið þitt og aðgangsorð hafi heimild frá þér til að gera það;

3.2.5 Samþykkir þú að við höfum rétt til að loka aðgangi þínum tímabundið eða gera hann óvirkan að því marki sem krafist er (i) til að tryggja löglega notkun appsins, þar með talið, en ekki takmarkað við, vegna forvarna gegn svikum, áhættumats, rannsóknar og þjónustu við viðskiptavinum; (ii) til að tryggja að þú farir að þessum samningi; (iii) til að fara að gildandi lögum

eða fyrirmælum dómstóla, löggæslu, annarra stjórnsýslustofnana eða stjórnvalda; eða (v) eins og kveðið er á um í þessum samningi;

3.2.6 Samþykkir þú að við getum sent þér textaskilaboð (SMS), upplýsingaboð og tölvupóst í tengslum við þjónustuna.

4. Notkun rafknúinna ökutækja

4.1 Með því að opna rafknúna ökutækið í appinu samþykkir þú að leigja rafknúna ökutækið gegn greiðslu („**grunnpassi**“) eða í gegnum fyrirframgreiddan pakka („**fyrirframgreiddur passi**“), með fyrirvara um skilmála þessa samnings og í samræmi við gjaldskrána sem gildir á leigutímabilinu.

4.2 Í hvert skipti sem þú opnar rafknúna ökutæki og ekur af stað telst þú hafa vottað að hafa lesið og skilið:

4.2.1 Öll gildandi umferðarlög og reglugerðir;

4.2.2 Akstursreglurnar í viðauka A;

4.2.3 Öryggisverkfærið;

4.2.4 Gildandi skilmála fyrir viðkomandi þjónustusvæði; og

4.2.5 Hæfisskilyrðin sem talin eru upp í hlutum 3.1 og staðfestir að þau séu uppfyllt.

4.3 Með því að opna rafknúna ökutækið samþykkir þú að:

4.3.1 Rafknúna ökutækið, og hvers kyns mögulegur aukabúnaður, sé ávallt í eigu okkar og að þú munir ekki taka rafknúna ökutækið eða tengdan búnað þess í sundur, breyta, gera við, skemma eða eyðileggja á nokkurn hátt;

4.3.2 Nota rafknúna ökutækið í samræmi við þennan samning, þar á meðal akstursreglurnar, öryggisverkfærið, hvers kyns leiðbeiningar og handbækur sem birtast í appinu og skilmála viðkomandi þjónustusvæðis;

4.3.3 Leyfa engum öðrum að nota rafknúna ökutækið sem þú opnar;

4.3.4 Taka fulla ábyrgð á umhirðu rafknúna ökutækisins á leigutímanum og að skila því í sama ástandi og það var leigt út í á leyfðu bílastæði, samkvæmt landslögum, gerð rafknúna ökutækisins og bílastæðaleiðbeiningum sem tilgreindar eru í appinu („**leyfilegt stæði**“). Ef rafknúna ökutækinu er skilað skemmdu eða biluðu verður þú krafinn(n) um gjald sem nemur kostnaði við viðgerð samkvæmt hluta 5.6.2.

4.4 Ef hleðsla rafknúna ökutækisins klárast meðan á leigu stendur skaltu stöðva aksturinn í samræmi við leiðbeiningar í appinu og skilmála þessa samnings og leggja rafknúna ökutækinu á leyfilegu stæði.

4.5 Þú verður að tilkynna okkur um hvers kyns slys, árekstur, skemmdir eða meiðsl, eða stolið eða glatað rafknúna ökutæki í samræmi við hluta 10.1, um leið og slíkt atvik á sér stað. Ef atvik felur í sér meiðsl á fólki, eignatjón eða stolið rafknúna ökutæki skaltu skila gefa skýrslu hjá lögreglu innan sólarhrings.

4.6 Á völdum þjónustusvæðum kunnum við að heimila þér („**gestgjafi**“) að opna mörg rafknúin ökutæki samtímis með þínum reikningi til að annað fólk („**gestir**“) geti tekið þátt í hópakstri („**hópakstur**“). Hópaksturseygisleikinn er sýndur í appinu, með fyrirvara um framboð.

Gestgjafinn samþykkir að afslættir, kynningartilboð og aðrar inneignir og hvatar eigi hugsanlega ekki við. Með því að nota hópaksturseygisleikann samþykkir gestgjafinn og skuldbindur sig til að:

4.6.1 Afhenda fartæki sitt öllum gestum til að viðkomandi geti lesið og farið að öllum viðeigandi ákvæðum þessa samnings, persónuverndarstefnu okkar, akstursreglum og öryggisverkfæri.

4.6.2 Tryggja að allir gestir hafi náð 18 ára aldri og uppfylli hæfisskilyrðin sem talin eru upp í hlutum 3.1.4 og 3.1.5 hér að ofan.

4.6.3 Heimila okkur að skuldfæra á valinn greiðslumáta sem tengdur er reikningi gestgjafans vegna alls kostnaðar sem tengist þjónustu sem veitt er í hópakstrinum.

4.6.4 Taka sig fulla ábyrgð og bótaábyrgð á hvers kyns tjóni, tapi og meiðslum sem orsakast af

saknæmri hegðun gesta við notkun þjónustunnar.

4.6.5 Taka fulla ábyrgð á og greiða hvers kyns sektir, gjöld, viðurlög og/eða önnur gjöld sem stafa af notkun rafknúna ökutækjanna sem opnuð eru fyrir hópaksturinn, eða vegna þess að gestir leggja raknúna ökutæki á óviðeigandi hátt (t.d. utan leyfilegs stæðis) eða vegna þess að gestur brýtur gegn lögum, reglum, reglugerðum eða tilskipunum meðan á notkun þjónustunnar stendur.

5. Greiðslur og gjöld

5.1 Þú getur notað þjónustu okkar í gegnum grunnpassa eða fyrirframgreiddan passa ef hann er í boði. Þú þarft að greiða gjöld fyrir notkun þína á rafknúna ökutækinu og þjónustunni í samræmi við gjaldskrá okkar og tegund rafræna ökutækisins. Hver notkun rafræna ökutækisins hefst þegar þú smellir á „Opna“ og lýkur þegar þú smellir á „Ljúka akstri“ (eða samsvarandi hnapp(a) í appinu). Gjöld okkar og annar kostnaður kunna að falla undir gildandi skatta og önnur opinber gjöld viðkomandi yfirvalda, sem við kunnum að innheimta.

5.2 Á tilteknum þjónustusvæðum getur þú valið um að kaupa þjónustu í gegnum fyrirframgreiddan passa. Skilmálar og verð fyrirframgreidda passans eru birt í appinu. Þú þarft að lesa þessar upplýsingar og samþykkja áður en kaup eiga sér stað og í þeim er að finna lýsingu á takmörkunum fyrirframgreidda passans. Takmarkanir geta falið í sér dagleg tímamörk, fjölda opnana eða dagleg akstursmörk. Fyrirframgreidda passa má ekki nota með kynningartilboðum, verðlaunum eða öðrum afslætti. Kaup á fyrirframgreiddum passa tryggja ekki aðgengi að þjónustu. Fyrirframgreiddir passar renna út á þeim lokadegi sem tilgreindur er í viðeigandi skilmálum og verðupplýsingum við kaup.

5.3 Þú hefur lögbundinn rétt til að hætta við kaup fyrirframgreidds passa innan 14 daga frá kaupdegi án tilgreindrar ástæðu. Ef þú vilt hætta við kaup á fyrirframgreiddum passa getur þú annað hvort (i) notað uppsagnareyðublaðið í viðauka B eða (ii) sent aðra ótvíræða yfirlýsingu þar sem fram kemur ákvörðun þín um að hætta við kaup á fyrirframgreiddum passa með því að hafa samband við okkur í samræmi við hluta 10.1.

5.4 Ef þú virkjar fyrirframgreidda passann innan 14 daga uppsagnartímabilsins eftir að þú kaupir fyrirframgreidda passann (sem þýðir að þú ferð sérstaklega fram á að þjónusta hefjist frá og með þessum degi og áður en uppsagnartímabilið rennur út) afsalar þú þér rétti þínum til uppsagnar. Ef þú nýtir þér afturköllunarrétt þinn innan 14 daga tímabilsins, í samræmi við ofangreind skilyrði, átt þú rétt á hlutfallslegri endurgreiðslu með fyrirvara um takmarkanir fyrirframgreidda passans sem þú hefur keypt og notað fram að uppsögn.

5.5 Við kunnum að gefa út afsláttarmiða eða -kóða í kynningarskyni með fyrirvara um viðbótarskilmála sem gilda um viðkomandi útgáfu kynningarkóða („**kynningarkóðar**“). Við áskiljum okkur rétt til að breyta eða afturkalla kynningarkóða hvenær sem er. Við kunnum að stöðva eða afturkalla kynningarkóða og notkunarheimild þína á appinu ef við höfum ástæðu til að ætla að notkun eða innlausn kynningarkóðans eða -kóðanna hafi verið villandi, sviksamleg, ólögleg eða brot á gildandi skilmálum kynningarkóðans eða þessum samningi.

5.6 Ef rafknúið ökutækið sem opnað er með þínum reikningi:

5.6.1 Er lagt utan leyfilegs stæðis kunnum við að innheimta hjá þér allt að 100 evrum endurheimtargjald. Þessi upphæð byggir á kostnaði okkar við að sækja ökutækið og tapi því tengdu;

5.6.2 Virðist skemmt, umfram það sem talist gæti eðlilegt slit, er illa farið eða hefur verið eyðilaggt kunnum við að innheimta hjá þér gjald sem nemur kostnaði við viðgerð eða skipti á rafknúna ökutækinu og búnaði þess;

5.6.3 Er yfirgefið fyrirvaralaust berð þú ábyrgð á öllum gjöldum þar til rafknúna ökutækið hefur verið endurheimt, auk leitargjalds sem nemur allt að 120 evrum og hámarksgjalds sem tilgreint er í appinu, allt eftir því hve langan tíma það tekur að endurheimta rafknúna ökutækið. Þessi

upphæð byggir á kostnaði okkar og tengdu tapi;

5.6.4 Er ekki endurheimt eða því skilað (þ.e. akstrinum er lokið og rafknúna ökutækinu lagt) innan tveggja sólarhringa kunnum við, að eigin frumkvæði, að líta svo á sem að rafknúna ökutækið sé týnt eða því hafi verið stolið, sem kann að leiða til þess að við skuldfærum allt að 500 evrur á því fyrir hvert rafknúð ökutæki og leggjum inn lögreglukæru gegn þér.

5.7 Þegar þú notar þjónustu okkar þarft þú að fylgja öllum staðbundnum lögum, umferðarreglum og reglum um stæði. Þú berð ábyrgð á hvers kyns sektum, uppreiknuðum gjöldum, viðurlögum og/eða öðrum gjöldum sem hljóta af notkun þinni á rafknúnu ökutæki, rangri lagningu rafknúins ökutækis (t.d. fyrir utan leyfilegt stæði) eða vegna brota gegn lögum, reglum, reglugerðum eða tilskipunum á meðan þú notar þjónustuna. Þú samþykkir að við kunnum að greiða allar sektir, uppreiknuð gjöld og viðurlög sem leggjast á okkur beint eða eru send til okkar fyrir þína hönd og að við eigum rétt á endurgreiðslu á þessum fjárhæðum, auk sanngjarns umsýslugjalds, sem ekki nemur hærri upphæð en 30 evrum. Með því að samþykkja þessa skilmála samþykkir þú að við kunnum að skuldfæra þessar upphæðir á greiðslumátann sem þú valdir.

5.8 Allar gjaldfallnar og ógreiddar fjárhæðir sem við eigum inni hjá þér verða skuldfærðar á greiðslumátann sem þú valdir. Ef viðkomandi greiðslumáti virkar ekki er hægt að nota aðra innheimtuferla. Þú samþykkir að bæta okkur allan innheimtukostnað, þ.m.t., án takmarkana, sanngjarnan lagalegan kostnað, greiðir þú ekki skuldir þína við okkur á gjalddaga. Við höfum rétt til að stöðva tímabundið eða gera reikninginn þinn óvirkan ef þú greiðir ekki skuld þína við okkur á gjalddaga. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi lokunina skaltu hafa samband við þjónustudeild okkar. Reikningurinn þinn verður opnaður aftur þegar gjaldfallna upphæðin er greidd.

5.9 Þú getur greitt fyrir þjónustuna með greiðslumátanum sem þú valdir, en það krefst þess að þjónustan hafi verið virkjuð í appinu. Þú heimilar okkur að skuldfæra á valinn greiðslumáta reikningsins þíns vegna allra gjalda og kostnaðar sem þú stofnar til samkvæmt samningi þessum. Slík gjöld og kostnaður kunna að falla undir gildandi skatta, sem við kunnum að innheimta.

5.10 Við og verktakar okkar tökum við greiðslum í appi, veitum aðstoð og leysum úr ágreiningi sem tengist greiðslum í appi. Ef þú andmælir færslum sem við skuldfærum á greiðslumátann sem þú valdir þarft þú að hafa samband við okkur í samræmi við hluta 10.1 innan 10 virkra daga.

5.11 Við kunnum við að innheimta þjónustugjald fyrir kredit- og debetkortafærslur sem er bætt við hverja pöntun í þjónustunni. Þjónustugjaldið er vegna þjónustugjalda Visa / Mastercard. Upphæð þjónustugjaldsins er birt í appinu. Bankinn þinn kann að innheimta viðbótargjöld fyrir notkun þína á kredit- eða debetkortinu sem koma ekki fram í appinu. Hafðu í huga að eftir að þú hefur bókað rafknúð ökutæki skuldfærum við sjálfkrafa heimild af kreditkortinu þínu til að staðfesta að upphæð fyrir greiðslunni sé til staðar.

5.12 Þú samþykkir að tilkynna okkur tafarlaust um allar breytingar sem tengjast greiðslumátanum sem þú valdir fyrir reikninginn þinn og sem kunna að skerða getu okkar til að skuldfæra á þig samkvæmt þessum samningi.

6. Bótaábyrgð

6.1 Þú staðfestir og samþykkir að notkun þín á þjónustunni, rafknúnum ökutækjum og tengdum búnaði er **á þína eigin ábyrgð** og að við **berum ekki ábyrgð** á afleiðingum, bótakröfum, kröfum, dómsmálum, tapi, skaðabótaábyrgð, tjóni, meiðslum, gjöldum, kostnaði og útgjöldum, viðurlögum, lögfræðikostnaði eða greiðslum af neinu tagi, hvort sem þær eru fyrirsjáanlegar eða ófyrirsjáanlegar, og hvort sem eru þekktar eða óþekktar, sem þú eða þriðji aðili kann að verða fyrir vegna notkunar þinnar á þjónustunni. Þú gerir þér fulla grein fyrir slíkri áhættu með því að

staðfesta að:

6.1.1 Akstur rafknúinna ökutækja felur í sér margar augljósar og minna augljósar hættur, sem geta valdið meiðslum eða dauða þínum eða annarra, sem og eignatjóni, og að ekki sé alltaf hægt að sjá fyrir slíkar hættur eða koma í veg fyrir þær;

6.1.2 Rafknúna ökutækið er vélbúnaður sem getur bilað, jafnvel þótt því sé rétt viðhaldið, og að slík bilun geti valdið meiðslum á fólki; og

6.1.3 Notkun hjálms og annars hlífðarbúnaðar og samviskusamleg fylgni við akstursreglur og þennan samning er nauðsynleg til að draga úr hættu á meiðslum og hættu á að valda meiðslum eða tjóni hjá öðrum.

6.2 Ef notkun þín á þjónustunni veldur meiðslum eða tjóni á öðru fólki eða eignum berð þú alla ábyrgð á hvers kyns afleiðingum, bótakröfum, kröfum, dómsmálum, tapi, skaðabótaábyrgð, tjóni, meiðslum, gjöldum, kostnaði og útgjöldum, viðurlögum, lögfræðikostnaði eða greiðslum af hvers kyns tagi, hvort sem eru fyrirsjáanlegar eða ófyrirsjáanlegar, og hvort sem eru þekktar eða óþekktar. Ef athafnir þínar valda því að við greiðum bótakröfur þriðja aðila berð þú fulla ábyrgð gagnvart okkur og samþykkir að bæta okkur allt tjón sem við verðum fyrir við að greiða slíkar kröfur þriðja aðila.

6.3 Við áskiljum okkur rétt til að bjóða upp á ábyrgðartryggingu („**tryggingarvernd**“) til að tryggja þig, með fyrirvara um takmarkanir og undantekningar tryggingarverndarinnar, gegn bótaábyrgð sem þú stofnar til vegna meiðsla þriðja aðila eða tjóns fyrir slysi á efnislegum eignum þriðja aðila vegna notkunar þinnar á rafknúna ökutækinu. **Ef þú af einhverjum ástæðum átt ekki rétt á tryggingavernd samþykkir þú** að þú berir ábyrgð á hvers kyns kostnaði sem þú veldur þriðja aðila, þar á meðal, án takmarkana, kostnaði vegna sjúkraflutninga, sjúkrahúsdvalar og læknismeðferðar.

6.4 Öll þjónusta, þá einkum rafknúin ökutæki og tengdur búnaður, er veitt „eins og hún er“ og „samkvæmt framboði“. Að því marki sem lög leyfa undanskiljum við og höfnum öllum ábyrgðartryggingum, skilyrðum, ábyrgðum eða skilmálum af hvaða tagi sem er, hvort sem slíkt gildir beint eða óbeint eða samkvæmt gildandi lögum hvers konar. Við hvorki lýsum yfir né ábyrgjumst ekki eða tryggjum að nokkur þáttur þjónustunnar, rafknúin ökutæki eða tengdur búnaður sé vel viðhaldið eða í gallalausú ástandi, eða að tafir, vanræksla, truflanir eða ónákvæmni muni ekki eiga sér stað í tengslum við neinn þátt þjónustunnar, rafknúnu ökutækin eða tengdan búnað. Einkum og sér í lagi höfnum við og gefum engar yfirlýsingar, ábyrgð, vottorð eða loforð, hvort sem er beint eða óbeint, um:

6.4.1 að upplýsingar (þ.m.t. hvers konar leiðbeiningar í appinu) um þjónustuna séu nákvæmar, ítarlegar, réttar, viðunandi, gagnlegar, uppfærðar eða áreiðanlegar;

6.4.2 að gert verði við galla eða villur í þjónustunni eða þær leiðréttar;

6.4.3 að þjónustan verði tiltæk á tilteknum tíma eða þjónustusvæði; og

6.4.4 að notkun þín á þjónustunni sé lögleg á hvaða þjónustusvæði sem er.

6.5 Öll skilyrði og hvers kyns ábyrgð sem álykta má að kunni að gilda í tengslum við þjónustuna eru undanskilin að því marki sem lög leyfa. Ekkert í þessum samningi útilokar, takmarkar eða breytir hvers konar ábyrgð, tryggingu, skilmálum eða skilyrðum, rétti eða úrræðum sem álykta má að leiði af hvers konar gildandi lögum eða sem kveðið er á um í gildandi lögum sem ekki er hægt að útiloka, takmarka eða breyta með lögmatum hætti.

6.6 Ef ekki er hægt að útiloka hvers konar tryggingu, skilyrði, ábyrgð eða skilmála sem álykta má að leiði af eða sem kveðið er á um í gildandi lögum („**ákvæði sem ekki er hægt að útiloka**“) og við getum ekki takmarkað úrræði þín vegna brots á ákvæðinu sem ekki er hægt að útiloka, þá takmarkast bótaábyrgð okkar vegna brots á ákvæðinu sem ekki er hægt að útiloka eingöngu (að svo miklu leyti sem lög leyfa) við möguleika okkar á:

6.6.1 ef um er að ræða vörur, að endurnýja vörunar eða útvega sambærilegar vörur, sinna

viðgerðum á vörnum, greiða kostnað við að endurnýja vörurnar eða við að útvega sambærilegar vörur eða greiða kostnað við að láta gera við vörurnar; eða

6.6.2 þegar um er að ræða þjónustu, þá að veita þjónustuna aftur eða greiða kostnað við að veita þjónustuna aftur.

6.7 Samanlögð bótaábyrgð okkar vegna allra krafna sem leiða af samningi þessum, þ.m.t. vegna skaðabóta eða annarra ástæðna, skal undir engum kringumstæðum vera hærri en 500 evrur eða sú fjárhæð gjalda sem greidd er til okkar fyrir leigutímabilið þegar atvikið, slysið eða atburðurinn sem olli kröfunni/kröfunum átti sér stað, hvort sem lægra er. Við takmörkum þó ekki rétt þinn til að krefjast skaðabóta eða nýta önnur lagaúrræði sem kveðið er á um í lögum þegar þjónusta okkar er ekki í samræmi við þessa þjónustuskilmála.

6.8 Hvorki við né þú berum ábyrgð á tjóni eða töfum eða vanefndum sem stafa af aðstæðum sem viðkomandi aðili ræður ekki við, þ.m.t. en ekki eingöngu, náttúruöfl eða óviðráðanleg atvik, jarðskjálftar, eldsvoðar, flóð, stríð, hryðjuverk, borgaraleg, iðnaðarleg eða hernaðarleg íhlutun, skemmdarverk, verkföll eða verkbönn, heimsfaraldur, farsóttir, upppot, skemmdir eða bilanir í veitu- eða fjarskiptapjónustu, meiriháttar netárásir, dómsúrskurðir, aðgerðir af hálfu borgaralegra eða hernaðarlegra yfirvalda eða stjórnvalda, dómstóla eða eftirlitsaðila.

6.9 Að því marki sem leyfilegt er samkvæmt gildandi lögum berum hvorki við né hlutdeildarfélag okkar, fulltrúar, stjórnendur eða starfsmenn ábyrgð á tjóni sem þú kannt að verða fyrir samkvæmt eða í tengslum við þennan samning eða vegna notkunar á appinu, þar með talið en ekki takmarkað við:

6.9.1 beint eða óbeint eignatjón eða fjárhagslegt tap;

6.9.2 missi hagnaðar eða tap á ætluðum sparnaði;

6.9.3 tap á viðskiptum, samningum, tengiliðum, viðskiptavild, orðspori og hvers konar tjón sem kann að verða vegna truflunar á rekstri;

6.9.4 gagnamissi eða rangfærslur í gögnum; eða

6.9.5 hvers konar tap eða skaði annars konar.

7. Þitt efni

7.1 Þú staðfestir að hvers konar texti, myndir eða aðrar upplýsingar sem þú lætur okkur í té meðan þú notar þjónustuna („þitt efni“) sé í samræmi við reglur um ásættanlega notkun eins og fram kemur hér á eftir í hluta 10.

7.2 Við lýsum ekki yfir eignarhaldi á efni þínu og eignarhald verður áfram í þínum höndum og sérhvers þriðja aðila sem er eigandi efnis sem þú innifelur í þínu efni. Þú veitir okkur, án einkaréttar, endurgjaldslaust og um óákveðinn tíma, leyfi á heimsvísu til að nota, afrita, endurskapa, dreifa, aðlaga, endursníða, breyta, birta og þýða efnið þitt, veita leyfi eða undirleyfi fyrir því og nýta efnið þitt hvar sem er og með hvaða fyrirkomulagi sem er í þeim tilgangi að veita þjónustuna (þ.m.t., þar sem við á, að leyfa öðrum notendum að skoða efnið þitt).

7.3 Þér ber að tryggja að þú sért fær um að veita okkur ofangreint leyfi fyrir hvers konar efni sem er í eigu þriðja aðila og þú innifelur í þínu efni.

7.4 Réttur okkar til að nota efnið þitt hefur ekki áhrif á persónuverndarréttindi þín. Frekari upplýsingar um hvernig við notum persónuupplýsingar þínar er að finna í persónuverndarstefnu okkar,

7.5 Við höfum rétt til að fylgjast með hvers konar efni frá þér og hafna, neita eða eyða efni frá þér þar sem við teljum það brjóta gegn reglum um ásættanlega notkun.

8. Reglur um ásættanlega notkun.

8.1 Til viðbótar við aðrar kröfur í þessum samningi er í þessum hluta lýst sértækum reglum sem eiga við um notkun þína á appinu („Reglur um ásættanlega notkun“).

8.2 Þegar þú notar appið mátt þú ekki:

8.2.1 sniðganga, gera óvirka eða á annan hátt raska hvers konar öryggistengdum eiginleikum

appsins;

8.2.2 heimila öðrum að nota appið fyrir þína hönd;

8.2.3 nota appið ef við höfum fryst reikning þinn eða bannað þér að nota það;

8.2.4 hvetja til, stuðla að eða taka þátt í ólöglegu eða ólögsmætu atferli eða atferli sem hefur í för með sér tjón eða meiðsli á fólki eða eignum;

8.2.5 breyta, raska, stöðva, trufla eða hakka appið;

8.2.6 misnota appið með því að setja vísvitandi inn veirur, trújuhesta, orma, biðsprengjur eða annað efni sem gæti skaðað appið eða einhvern notanda appsins;

8.2.7 safna hvers konar gögnum úr appinu, nema slíkt samræmist þessum samningi;

8.2.8 bjóða eða láta í té hvers konar efni þitt sem felur í sér nekt eða ofbeldi eða er misbjóðandi, ógnandi, klúrt, villandi, ósatt eða móðgandi;

8.2.9 bjóða eða láta í té hvers konar efni sem þú átt ekki né hefur rétt til að nota, eða brjóta á annan hátt gegn höfundarrétti, vörumerkjaréttindum eða öðrum réttindum þriðju aðila;

8.2.10 nota efnið þitt í bága við leyfisskilmála sem eigandinn tilgreinir;

8.2.11 bjóða eða láta í té hvers konar upplýsingar eða athugasemdir um aðra manneskju án leyfis viðkomandi;

8.2.12 ógna, misbjóða eða brjóta á friðhelgi einkalífs annarra eða valda ónæði, óþægindum eða óþarfa kvíða eða áreitni, uppnámi, vandræðum, ótta eða ónæði fyrir einhvern annan aðila;

8.2.13 nota hvers konar sjálfvirkt kerfi, þar á meðal en takmarkast ekki við „þjarka“, „vefskriðla“ eða „lesara utan kerfis“ til að fá aðgang að appinu með slíkum hætti að hægt sé að senda fleiri beiðnir til appsins en mannvera getur með góðu móti framleitt á sama tímabili; eða

8.2.14 framkvæma aðrar aðgerðir sem teljast óviðeigandi fyrir notkun appsins.

8.3 Ef ekki er farið að reglum um ásættanlega notkun, akstursreglum eða öryggisleiðbeiningum telst það vera efnislegt brot á þessum samningi og getur leitt til:

8.3.1 tafarlausrar tímabundinnar eða varanlegrar afturköllunar á rétti þínum til að nota appið og/eða önnur öpp eða þjónustu Bolt;

8.3.2 tafarlausrar tímabundinnar eða varanlegrar eyðingar á einhverju af efninu þínu;

8.3.3 viðvörunar;

8.3.4 málshöfðunar á hendur þér, þar á meðal málaferli til að endurheimta allan kostnað (þar á meðal, en takmarkast ekki við, sanngjarnan stjórnsýslu- og málskostnað) sem hlýst af brotinu; og

8.3.5 afhendingar slíkra upplýsinga til löggæsluyfirvalda eins og við teljum nauðsynlegt.

9. Gildandi lög

9.1 Um þennan samning og túlkun hans gildir löggjöf Lýðveldisins Eistlands.

9.2 Skyldur þínar kunna að falla undir lög þjónustusvæðisins, til dæmis lög um umferð og bílastæði og reglugerðir sem gilda á þjónustusvæðinu („**landslög**“) og þú samþykkir að fylgja öllum slíkum landslögum.

9.3 Ef þú ert neytandi og hefur fasta búsetu á EES-svæðinu nýtur þú auk þess þeirrar verndar samkvæmt ófrávikjanlegum ákvæðum í lögum búsetulands þíns. Bæði við og þú lútum almennri lögsögu dómstóla í Eistlandi sem þýðir að þú getur lagt fram kröfu til að framfylgja rétti þínum til neytendaverndar í tengslum við þennan samning í Eistlandi eða því ESB landi sem þú býrð í.

9.4 Þú gætir einnig átt rétt á að leggja fram umsókn hjá neytendaverndaryfirvöldum viðkomandi lands eða á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um lausn deilumála á netinu á: <http://ec.europa.eu/odr>.

10. Ýmislegt

10.1 Tilkynningar og önnur samskipti í tengslum við þennan samning eða þjónustu skal veita í gegnum appið, senda með tölvupósti á info@bolt.eu eða greina frá með milligöngu þjónustuvers sem er aðgengilegt í appinu okkar eða vefsíðu.

10.2 Þú samþykkir að þessi samningur og allir samningar sem felldir eru inn í hann er mögulega úthlutað sjálfkrafa af okkur að okkar eigin, einhliða ákvörðun.

10.3 Komi upp ágreiningur eða mótsögn á milli alþjóðlegu þjónustuskilmálanna og skilmálanna fyrir viðkomandi þjónustusvæði þitt, skulu skilmálar og skilyrði þjónustusvæðisins gilda.

VIÐAUKI A Almennar akstursreglur - rafknúin ökutæki

1. Öryggisathuganir

1.1 Það er á þína ábyrgð að framkvæma ítarlega öryggisathugun áður en þú notar rafknúna ökutækið, þar með talið, en ekki takmarkað við, eftirfarandi:

- a) gott ástand grindarinnar;
- b) gott ástand dekkjanna (þ.e. að dekkinn séu ekki loftlaus eða að rusl eða leðja trufli virkni þeirra);
- c) örugg virkni hemla;
- d) nægilegt afl í rafgeymi;
- e) að ganga úr skugga um að bjalla rafknúna ökutækisins virki;
- f) að ljós og endurskinsmerki séu í góðu ásigkomulagi ef ætlunin er að aka rafknúna ökutækinu þegar dimmt er;
- g) að rafknúna ökutækið beri engin merki um skemmdir, óvenjulegt eða of mikið slit eða önnur vélræn vandamál eða viðhaldspörf; og
- h) að fylgja leiðbeiningunum, einkum öryggisleiðbeiningunum, sem þú færð í appinu þegar þú bókar rafknúna ökutækið.

1.2 Meðan á ferðinni stendur ber þér að fylgjast stöðugt með því að rafknúna ökutækið og notkun þess sé í samræmi við ofangreindar öryggiskröfur. Ef einhvern tíma á meðan á ferðinni stendur verður vart við brot á öryggiskröfu eða -kröfum eða í ljós kemur einhver annars konar galli, ástand eða hættu sem hugsanlega gæti stofnað öryggi í hættu verður þú samstundis að hætta akstri rafknúna ökutækisins, þegar óhætt er að gera svo, og láta okkur vita í samræmi við hluta 10.1 í samningnum.

2. Umferðaröryggi

2.1 Þér ber að aka og stjórna rafknúna ökutækinu á öruggan hátt öllum stundum. Þegar þú notar, ekur eða stjórnar rafknúna ökutækinu, ber þér að:

- (a) fara eftir öllum gildandi umferðarlögum og reglugerðum;
- (b) fara eftir öryggisleiðbeiningunum;
- (c) nota öryggisbúnaðinn eins og mælt er með og krafist er samkvæmt ofangreindum lögum, reglugerðum og leiðbeiningum, og sem eðlilega má telja að sé nauðsynlegur til að draga úr hættu á meiðslum (eins og hjálm, hlífðarpúða og viðeigandi skófatnað);
- (d) aka ekki rafknúna ökutækinu undir áhrifum áfengis, fíkniefna, lyfja eða annarra efna sem kunna að skerða getu þína til að stjórna rafknúna ökutækinu á öruggan hátt;
- (e) virða hraðatakmarkanir og stilla hraða í samræmi við aðstæður með tilliti til akstursupplifunar þinnar, aðstæðna á vegum, ástand vega og rafknúna ökutækisins, veðurskilyrða, umferðarálags og annarra umferðarskilyrða svo að þú getir stöðvað rafknúna ökutækið án þess að rekast á hindranir sem eru til staðar eða búast má við að séu á veginum.
- (f) nota ekki farsíma, spjaldtölvu, fartölvu, tæki fyrir textaskilaboð, tónlistarspilara eða önnur tæki sem gætu truflað þig frá því að aka rafknúna ökutækinu á öruggan hátt;
- (g) aka ekki rafknúna ökutækinu á malarvegum, í gegnum vatn (nema að því marki sem telst eðlilegt við akstur í þéttbýli) eða á neinum stað þar sem það er bannað, ólöglegt eða veldur öðrum óþægindum;
- (h) nota ekki rafknúna ökutækið til kappaksturs, torfæruferða, áhættu- eða glæfraaksturs;
- (i) aka ekki rafknúna ökutækinu á hraðbrautum eða vegum sem takmarkanir gilda um;
- (j) aka ekki rafknúna ökutækinu á móti umferð;

- (k) aka ekki rafknúna ökutækinu á vegum sem eru eingöngu ætlaðir gangandi vegfarendum;
- (l) aka ekki út fyrir leyfileg akstursmörk sem tilgreind eru í appinu;
- (m) aka ekki í slæmum eða hættulegum veðurskilyrðum eða á vegum sem eru í slæmu ástandi eða sem hættulegt kann að vera að aka á, þar með talið í snjókomu, hagléli, hálku, slyddu, köldu regni eða þrumuveðri, sem gæti haft í för með sér að áhættusamt sé að aka rafknúna ökutækinu;
- (n) fara ekki yfir hámarksþyngdarmörkin 95kg (210 pund) sem gilda um rafknúna ökutækið;
- (o) að ferja ekki annan einstakling eða fleiri;
- (p) að bera enga hluti (t.d. skjalatöskur, bakpoka, innkaupapoka og/eða aðra hluti) ef það gæti komið í veg fyrir að þú getir stjórnað rafknúna ökutækinu á öruggan hátt; og
- (q) klæðast ljósum fötum til að tryggja að aðrir vegfarendur geti auðveldlega tekið eftir þér.

3. Stæði

3.1 Þér ber að:

- (a) leggja ekki rafknúna ökutækinu þannig að það brjóti í bága við gildandi landslög;
- (b) valda ekki hindrunum á veginum, tálma umferð eða valda óhóflegu raski á gangstéttum;
- (c) leggja rafknúna ökutækinu þannig að það sé auðsjáanlegt og í uppréttri stöðu þannig að aðrir notendur geti einnig nýtt sér rafknúna ökutækið til aksturs;
- (d) fylgja leiðbeiningunum um stæði sem birt eru í appinu og, ef við á, leggja rafknúna ökutækinu á tilgreindu leyfilegu stæði;
- (e) tilkynna um rafknúna ökutæki sem ekki er lagt á leyfilegu stæði meðan á notkun þjónustunnar stendur, með því að láta okkur vita í samræmi við hluta 10.1 eða nota viðeigandi virkni í appinu.

VIÐAUKI B Staðlað uppsagnareyðublað

Til Bolt Operations OU (Vana-Löuna 15, Tallinn 10134, Eistland info@bolt.eu):

Ég tilkynni hér með að ég segi upp samningi mínum um veitingu eftirfarandi þjónustu: kaup á fyrirfram greiddum passa til að nýta þjónustuna.

Dagsetning pöntunar: [neytandi fyllir út]

Nafn neytanda/neytenda: [neytandi fyllir út]

Heimilisfang neytanda/neytenda: [neytandi fyllir út]

Undirritun neytanda/neytenda (á aðeins við ef eyðublaðið er sent á pappírsformi)

Dagsetning: [neytandi fyllir út]